

Samþykkt

um

kynbætur hesta í Austurbarðastrandarsýslu.

Sýslunefndin í Austurbarðastrandarsýslu hefir, samkvæmt lögum 11. des. 1891 um samþykktir um kynbætur hesta, og viðaukalögum 20. desbr. 1901 við nefnd lög, gert eftirfylgjandi samþykkt um kynbætur hesta í sýslunni:

1. gr.

Á hausthreppaskilum ár hvert skal hreppstjóri í hverjum hreppi sýslunnar annast um, að kosin sje þriggja manna nefnd til að hafa nákvæmt eftirlit með kynbótum hesta, samkvæmt reglum þeim, sem hjer eru settar.

2. gr.

Kosningarrjett og kjörgengi til kynbótanefndar þessarar hefir hver hrepps-
búi, sem eigi er öðrum háður sem hjú, og er hann skyldur að taka á móti kosningu 3 ár í senn. Að þeim tíma liðnum getur hann neitað að taka á móti kosningu jafnlangan tíma.

3. gr.

Nefndarmenn kjósi sjer formann, er stýrir gjörðum nefndarinnar, en allir skulu þeir, svo sem unt er, kynna sjer hestakyn innan hrepps og í nærliggjandi hreppum og hafa nákvæmar gætur á meðferð hrossa í hreppnum. Kynbótanefndin heldur aðalfund sinn í aprilmánuði ár hvert. Formaður auglýsir hreppsþúum fundardag og fundarstað með nægum fyrirvara. Hver sá hreppsþúi, sem æskir þess, að gradhestur til undaneldis sje til nota í hreppnum á því vori, skal gefa kynbótanefndinni það til kynna fyrir fundinn eða á honum. Æski 3 eða fleiri hreppsþúar þess, skal kynbótanefndin þá velja úr gradhestum þeim, sem vól er á innanhrepps, kynbótahest, einn eða fleiri, eftir því sem þörf er á. Álíti hún engan gradhest innan hrepps hæfan til kynbóta, skal, ef unt er, fá hann lánaðan utan hrepps. Svo skulu nefndarmenn einnig tiltaka undan hvaða hryssum megi ala kynbótahesta.

4. gr.

57

5. júlí

Til kynbóta skulu valdir þeir graðhestar, sem eins og unt er fullnægja eftirfylgjandi skilyrðum:

Þeir sjeu ekki getnir af of skyldum foreldrum — ekki móður og syni eða systkinum — en sjeu af hraustu kyni og holdsömu, hafi hreinan gang, hvort sem er á skeiði eða brokki, sjeu skapmiklir og ófælnir, einlitir, eigi glaseygðir eða hringeygðir, nje hafi álfabruna á nösnum, nje tannsjúkdóma; sjeu gjörfulegir á vöxt og stórir, hausfriðir, kjálkaþykkir, bogmektir, þreknir um bóga, bein-hryggjaðir og stutthryggjaðir, lendbrattir og lendbreiðir, vöðvaþykkir, kögglastuttir og kögglagildir, snögghærðir og þjetthærðir, prúðir á fax og tagl, rjetthæfðir og dökkhæfðir, pungsiðir og kólfdigrir.

Hryssur, sem kynbótahesta skal undan ala, skulu, eftir því sem átt getur við, fullnægja sömu skilyrðum og sett eru um kynbótahesta, og auk þess hafa útskotna náa.

Kynbótahryssur skulu eigi vera yngri en 5 vetra og eigi eldri en 15 vetra.

Kynbótahesta má nota til undaneldis úr því þeir eru 3 vetra, til þess þeir eru 5 eða 6 vetra.

5. gr.

Fola þá, sem eru undan kynbótahryssum og kynbótanefnd hefir álitid hæfa til undaneldis, má eigi gelda fyr en þeir eru þrevetrir og þá eigi nema með vitund og vilja kynbótanefndar. En allir þeir folar, sem eigi eru ætlaðir til kynabóta, skulu geltir eigi síðar en fyrir lok einmánaðar, er þeir eru á annan vetur, ef það er unt skapnaðar vegna. Kynbótanefndin ræður um meðferð þeirra fola, sem eigi er unt að gelda innan þess tíma.

6. gr.

Eigendur graðhesta skulu skyldir til, eftir áskorun kynbótanefndar, að ljá þá til undaneldis meðan þeir eru á þeim aldri, sem ákveðinn er í 4. gr. Kynbótanefndin ákveður eiganda kynbótahests hæfilegan toll fyrir hverja hryssu, er fær við hestinum, og skal tollur sá goldinn af eiganda hryssunnar.

Auk þess er hreppsnefnd skylt, eftir tillögu kynbótanefndar, að greiða úr sveitarsjóði alt að 20 kr. þóknun til kynbótahests eiganda, ef hann, eftir fram-lögðum reikningi, ekki hefir fengið kostnað sinn af hestshaldinu endurgoldinn.

Eigandi eða geymandi kynbótahests ábyrgist að hesturinn gjöri eigi óskunda á hrossum manna utan landamerkja hans.

57

5. júlí

Hryssur, sem fyljast hafa, mega ekki mæta erfiðri brúkun næsta mánuð á eftir.

Kynbótahesta má eigi hafa til reiðar eða áburðar yngri en 5 vetra, og skal ávalt hlífa þeim við erfiði þann tíma, sem þeir eru notaðir til undaneldis.

8. gr.

Kynbótanefndin hefir eftirlit með því, að samþykkt þessari sje fylgt. Skal nefndin bóka gjörðir sínar og fyrir hver hausthreppaskil semja skýrslu um þær, og senda hana, undirritaða af öllum nefndarmönnum, til sýslunefndarmanns hreppsins, er gjörir við hana þær athugasemdir, sem honum þykir þurfa, og leggur hana síðan fram á sýslufundi. Bókin borgist úr hlutaðeigandi sveitarsjóði.

9. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, alt að 50 kr., sem renni í sveitarsjóð þar sem brotið er framið.

Mál, sem rísa út af brotum á samþykkt þessari, skulu rekin sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi er hjermeð staðfest til að öðlast gildi 1. ágúst 1907 og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 5. júlí 1907.

H. Hafstein.

Jón Hermannsson.